



íþrótt, menning, lífsstíll

Þingskjal nr. 1b

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að taka upp alþjóðlegar keppnisreglur FIPO í íþróttakeppni og kappreiðum á Íslandi, með þeirri undantekningu þó að hámarksþyngd hlífa verði 250 g. í stað 300 gr. eins og FIPO reglur kveða á um í kafla 2.4. bls. 16.

Einnig að knapa sé óheimilt að fá varaknapa komi hann fleiri en einum hesti í úrslit. Knapi verður að velja einn hest, hinir sem hann kom í úrslit falla úr úrslitum, næstu knapar úr forkeppni færast upp.

Viðauki:

Tillaga þessi felur ekki í sér að þeir vellir sem til þessa hafa talist löglegir íþróttakeppnisvellir á Íslandi verði ólöglegir

- Samþykkt með viðauka frá þingheimi -

Þingskjal nr. 2

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að taka upp sömu reglur um járningar, fótábúnað og beislisbúnað í gæðingakeppni og gilda í FIPO reglum. Við það fellur úr reglum LH 6. grein í kaflanum um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar sem fjallar um reglur

um járningar og fótábúnað keppnishrossa.

Þingskjal nr. 3a

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá þingnefndinni

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að veita stjórn LH heimild til að skipa í reiðveganefndir sem hér segir:

Reiðveganefndir skulu skipaðar í hverju umdæmi Vegagerðarinnar. Hvert hestamannafélag skal eiga fulltrúa í nefndinni.

Nefndirnar skulu velja sér formann.

Ferða- og samgöngunefnd LH skal skipuð af formönnum reiðveganefnda umdæmanna.

Reiðveganefndirnar skulu sækja um reiðvegafé ár hvert og vinna framkvæmdaáætlun fyrir sitt umdæmi til a.m.k. fjögurra ára í senn. Þær skulu einnig skila inn framkvæmdarskýrslu ár hvert til skrifstofu LH um þegar unnin verk í sínu umdæmi.

Greinargerð:

Í ljósi aukins samstarfs milli Vegagerðarinnar og LH er nauðsynlegt að tryggja tengsl þar á milli um land allt. Með áður lýstu fyrirkomulagi er leitast við að samræma vinnubrögð í öllum landshlutum og um leið stefnt að markvissari framkvæmdaáætlunum í reiðvegagerð, óháð stærð og umsvifum hestamannafélaga innan samtakanna. Ljóst er að skilagrein varðandi ráðstöfun á reiðvegafé skal skila inn ár hvert, eins og "Handbók um gerð reiðvega" kveður á um, skv. almennum reglum og lögum um meðferð á almannafé.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 4

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að veita stjórn LH heimild til að vinna framkvæmdaáætlanir til a.m.k. fjögurra ára í senn.

Reiðveganefndir sem skipaðar eru í hverju umdæmi Vegagerðarinnar á vegum LH skulu

vinna sameiginlega áætlanagerð sem umsóknir um reiðvegafé skulu byggðar á.
Áætlanagerðirnar skulu endurskoðaðar a.m.k. fjórða hvert ár.

Greinargerð:

Ár hvert berst Landsambandi Hestamannafélaga umsóknir sem eru allt að fjórföld upphæð þess reiðvegafjár sem til ráðstöfunar er. Almennt er mikið og gott starf að baki hvernar umsóknar. Skv. núverandi úthlutarreglum LH er ekki gert ráð fyrir að unnar séu framkvæmdaráætlanir fyrir reiðvegagerð eða heimilt að gefa vilyrði fyrir úthlutun á reiðvegafé fram í tímann. Með framkvæmdaáætlun er verið að nýta betur vinnuframlag hestamanna-félaganna, þeim gefst kostur á lengri undirbúningstíma og um leið skapast sameiginleg framtíðarsýn á reiðvegagerð í hverju héraði og á landsvísu.

Rísi upp ágreiningur innan hestamannafélaganna þannig að óskað verði eftir að starfa áfram utan reiðveganefndar í héraði skal það ekki útiloka viðkomandi frá því að fá úthlutað af reiðvegafé.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 5a

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá Allsherjarnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að fela stjórn LH að skipa 5 manna nefnd sem hefur það verkefni að skoða reglur um keppnisrétt á Landsmótum. Nefndin skal skila inn tillögu til stjórnar LH til umfjöllunar og afgreiðslu á næsta landsþingi LH árið 2006.

Greinargerð:

Stjórn Landsmóts ehf. hefur óskað eftir því við stjórn LH að leggja fram tillögu um breytingar á vali keppenda á Landsmót. Stjórn LM telur að tímabært sé að endurskoða reglur um val á gæðingum og kynbótahrossum á Landsmót. Hyggst stjórn LM beita sér fyrir sambærilegri tillögu varðandi val á kynbótahrossum inn á Landsmót.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 6a

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafla um “Almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni”

7. grein:

Keppendur bera sjálfir ábyrgð á skráningu sinni í keppnisgreinar og þátttaka þeirra er á eigin ábyrgð. Keppendur bera ábyrgð á að reglum um keppnishesta sé fylgt. Forfallist knapi/hestur skal tilkynna það til framkvæmdanefndar en til yfirdómanefndar eftir að mótið er hafið. Forfallist knapi/hestur fyrir upphaf móts skal tilkynna það til framkvæmdanefndar eða yfirdómnefndar eftir að mótið er hafið. Ef tilkynning berst seinna en 1 klukkustund fyrir upphaf keppnisgreinar/úrslita skal skila inn læknisvottorði.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 7

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafla um fimmgang, íþróttakeppni:

Börn, unglingar, ungmenni og opinn flokkur

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur þátttaka barna í fimmgangi verið það góð að full ástæða er til að halda sérstaka fimmgangskeppni í barnaflokki.

- Tillagan felld -

Þingskjal nr. 8

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafli um gæðingaskeið, íþróttakeppni:
Unglingar, ungmenni og opinn flokkur

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur þátttaka unglunga og reyndar barna líka í gæðingaskeiði verið það góð að full ástæða er til og reyndar löngu tímabært að halda sérstaka gæðingaskeiðskeppni í unglingaflokki.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 9

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Reglugerð LH fyrir Íslandsmót:

2. grein hljóði svo:

Á Íslandsmóti skal keppt í öllum greinum hestaíþróttar. Halda skal tvö Íslandsmót, mót fullorðinna annars vegar og barna, unglunga og ungmenna hins vegar. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þessa að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi, mótin teljast þó sitt hvort mótið. Heimilt er mótshöldurum að setja lágmarkseinkun í opnum flokki, þó ekki hærri en 5,5 og skal það auglýst minnst fjórum mánuðum fyrir mót. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

Greinargerð:

Vaxandi óánægju hefur gætt meðal foreldra og keppenda barna, unglunga og ungmenna með það fyrirkomulag að ekki megi sami hestur keppa á móti yngri flokka og fullorðinna. Það er venjulegri fjölskyldu ofviða að halda úti tvöföldum hestakosti fyrir bæði ungling og foreldra og heftir þetta oft þátttöku á báðum mótum. Tímabært er að einfalda málið og aðskilja mótin formlega.

- Fellt -

Þingskjal nr. 10

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 fagnar samstarfi LH, Landmælinga Íslands og Vegagerðarinnar um söfnun reiðvegahnita og útgáfu reiðvegakorts á netinu. Jafnframt felur þingið stjórn LH að ýta á eftir þeirri endurbót á útgáfunni, að unnt sé að taka hnit heilla leiða af kortinu eða úr töflum tengdum þeim og flytja í heilu lagi stafrænt yfir í GPS-staðsetningartæki.

Greinargerð:

Samstarfið um hnitasetningu reiðleiða kemur þá fyrst að fullum notum fyrir hestaferðamenn, þegar þeir geta hlaðið hnitum reiðleiða stafrænt inn á staðsetningartæki sín. Það sparar mikla vinnu og eykur öryggi við notkun slíkra leiða, að hnitin séu ekki flutt handvirkt.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 11

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að alls staðar í lögum LH þar sem hjálmanotkun er nefnd komi í stað "reiðhjálmur", "viðurkenndur reiðhjálmur".

Greinargerð:

Af gefnu tilefni þykir rétt að ítreka hjálmanotkun og leggja áherslu á að reiðhjálmar sem notaðir eru í keppni séu viðurkenndir, þ.e. með CE merkingu og standist þannig öryggiskröfur. Nokkuð er um að jafnvel börn og unglingar ríði með hjálma sem meira eiga skylt við húfur en hjálma. Er þar verið að tala um hjálma með teygju undir höku sem oftast detta af viðkomandi knapa, áður en hann skellur sjálfur til jarðar, komi til óhapps. Nauðsynlegt er að hnykkja á þessu nauðsynlega öryggisatriði áður en óhapp hlýst af.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 12a

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá ferða- og umhverfisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 felur stjórn LH að benda Umhverfisstofnun og öðrum umsjónaraðilum hálendissvæða á að merkja, í samráði við sveitarfélög, upprekstrarfélög, ferðaþjónustu og hestamannafélög viðkomandi svæða, þá staði með fánaveifum, þar sem talið er æskilegt, að hestamenn hafi áningu. Miðað verði við 7-9 km milli gerða og að hvert svæði fyrir hestagerði rúmi 140 hross. Ennfremur felur þingið stjórninni að benda sömu aðilum á, að fjórir fastir hornstaurar slíkra gerða koma til bráðabirgða að umtalsverðu gagni fyrir hestaferðamenn, meðan beðið er fjármagns til að gera fullbúin gerði.

Greinargerð:

Æskilegt er, að hestamenn hafi áningu á ákveðnum og viðurkenndum stöðum, en ekki á víð og dreif. Mikilvægt er, að þessir staðir séu þéttir og rúmi hross vel. Taka þarf tillit til hvors tveggja, ferðamáta hestaferðafyrirtækja annars vegar og fjölmennari hestaferða ýmissa félaga hins vegar. Með því að byggja upp slík hestagerði í þremur áföngum (1. fánaveifa, 2. hornstaurar, 3. gerði), má ná töluverðum árangri strax. Hestamenn flytja með sér borða eða línu á ferðum sínum og stundum létta staura og geta þannig bætt sér upp bráðabirgðaaðstöðu.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 13

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð í 6. kafla laga um gæðingakeppni, "Sérstakar reglur LH um gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum:

Greinin hljóði svo:

Barnaflokkur: Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu, riðið upp á vinstri hönd.

Tveir hringir brokk og/eða tölt

1 langhlið stökk

Stjórnun og áseta * 2

Deilitala fyrir dómara 4

Greinargerð:

Barnaflokkurinn er í dag í raun þrenns konar keppni, þ.e. sérstök forkeppni fet og tölt/brokk, milliriðlar fet, brokk/tölt og stökk og úrslit brokk/tölt, stökk. Grein þessi er því sett fram til samræmingar við aðra sérstaka forkeppni þar sem keppnin fer fram í sömu gangtegundum og úrslit í viðkomandi grein.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 14a

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð í allri keppni í barna- og unglingaflokkum:

Einkunn fyrir stjórnun og ásetu hafi einfalt vægi á við eina gangtegund í heildareinkunn í stað 50% eins og nú er.

Greinargerð:

Það er skoðun þeirra er að tillögunni standa að markmið þess að hafa stjórnun og ásetu helming heildareinkunnar skili sér ekki í raun. Markmiðið var að jafna hlut þeirra sem hefðu yfir úrvalsgæðingum að ráða gagnvart þeim fjölmörgu dugmiklum börnum og unglingum sem stunda keppni en hafa ekki yfir eins góðum hestum að ráða. Þróunin hefur því miður orðið sú að þessi einkunn verður til þess að breikka bilið enn frekar, frekar en að jafna aðstöðu, eins og upphaflega hugmyndin var. Tillöguflytjendum finnst því full ástæða til að lækka vægi þessarar einkunnar.

- Tillagan fellur niður með samþykkt þingskjals nr. 30a -

Þingskjal nr. 15

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lögð er til eftirfarandi breyting:

Barnaflokkur:

Fjörgangur í barnaflokki verði eins og fjörgangur í unglingaflokki, ungmennaflokki og opnum flokki, þ.e. riðin verði yfirferð. Það er sérstök grein um fjörgang barna falli niður og í stað þess komi undir: Fjörgangur: Börn, unglingar, ungmenni og opinn flokkur.

Greinargerð:

Börnunum er treyst til að ríða yfirferð í töltkeppninni en ekki fjörgangi. Hér er misræmi sem löngu er tímabært að leiðrétta.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 16

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lögð er til eftirfarandi breyting:

Töltkeppni 2:

Opinn flokkur.

Þátttökuréttur og skráning:

1.málgrein:

Hestur sem tekur þátt í þessari grein má ekki keppa í annarri töltgrein á sama móti.

Greinargerð:

Eins og greinin hljóðar nú má sama þar ekki keppa í fjörgangi og slaktaumatölti á sama móti. Hér teljum við að við Íslendingar séum að hefta okkar möguleika á framgangi þessarar greinar hér á landi og þar með gerum við samkeppnisstöðu okkar á alþjóðlegum vettvangi síðri, þar sem fjörgangshestar fara þá frekar í hina hefðbundnu töltkeppni, þar sem þeir geta ekki sérhæft sig í þessari grein.

- Fellur niður þar sem FIPO var samþykktur -

Þingskjal nr. 17

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október
2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lögð er til eftirfarandi breyting:

Töltkennni 2:

Forkeppni:

Verkefni:

1.tölt, frjáls ferð

2.tölt, hæg, róleg, jöfn ferð. (ekki jafn hægt og farið er fram á í töltkennni 1, en milliferð ekki leyfð)

Greinargerð:

Þegar við tókum upp þessa grein var hún tekin upp eins og hún er erlendis. Það er skoðun tillöguflytjenda að þarna gæti misskilnings því hér á landi hefur verið farið fram á að hæga ferðin sé riðin jafn hægt og hægt tölt í töltkennni 1. Erlenðis er þetta ekki svo, þar er riðin rólegt tölt, sem ekki jafnast á við vinnuhraða hæga töltsins í töltkennni 1. Hér er því að mati tillöguflytjenda um samræmingaratriðið að ræða.

(Enska: Tölt 1. Working tempo tölt; Tölt 2. Slow, calm, steady tempo tölt. Þýska: Tölt 1. Arbeitstempo Tölt, Tölt 2: Ruhiges, langsames tempo Tölt.)

Tilvitnun í dómaraleiðara: Enska: Slow, steady and calm tempo in T2 corresponds to working tempo tölt in T1 and the judging scale from that class should be used. The required tempo is not handled as strictly and - for high marks - high action is not required. Instead, more emphasis should be put on fluent and powerful movements with a good carriage.

Íslenska:

Hægur, jafn og rólegur hraði í T2 samsvarar vinnuhraða í T1 og skal nota dómskala úr þeirri grein. Kröfur um hraða eru þó ekki eins strangar og – til að fá háar einkunnir – er ekki nauðsynlegt að sýna miklar framfótarhreyfingar. Í stað þess er meiri áhersla á mjúkar og kraftmiklar hreyfingar ásamt góðum burði.

- Fellur niður þar sem FIPO var samþykktur -

Þingskjal nr. 18

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu:

Lögð er til eftirfarandi viðbót við lög um íþróttakeppni:

Tekinn verði upp pollaflokkur fyrir börn 10 ára á árinu og yngri með skilgreindum reglum. Mótshöldurum sé frjálst að bjóða upp á pollaflokk sem viðbót.

Pollaþrígangur

Þátttökuréttur og skráning:

Þátttökurétt hafa öll börn 10 ára á árinu og yngri.

Pollum er heimilt að keppa upp fyrir sig í barnaflokki, treysti þeir sér til. Pollaflokk má bjóða upp á Íslandsmóti barna og unglinga en ekki skulu krýndir Íslandsmeistarar, sbr. stefnu ÍSí.

Völlur 200 eða 250 metrar

Forkeppni

Verkefni:

2-4 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 1 hringur og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

1.Tölt, hægt til milliferð

2.Brokk, hægt til milliferð

3.Fet

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 0 - 10 stig.

Tekið skal tillit til stjórnunar og ásetu knapa.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð og margfölduð með vægi sem gefur stigafjölda. Hámarksstigafjöldi er 35 stig, meðaleinkunn margfölduð með 3,5.

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völinn, sem má vera 200 eða 250 m. (Sjá þó 7. grein reglugerðar um Íslandsmót).

1.Tölt, hægt til milliferð

2.Brokk, hægt til milliferð

3.Fet

Dómarar ákveða hve lengi riðið er. Þó má ekki fara fleiri en þrjá hringi á hvora hönd.

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Að auki er gefin sérstök einkunn fyrir ásetu og stjórnun. Hæsta og lægsta einkunn er strikuð út, eins og í forkeppni, dæmi 5 dómarar.

Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dómum til eftirfarandi atriða:

- a) Hreinleika gangsins.
- b) Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.
- c) Ásetu og taumhalds, hversu virkur knapinn er.
- d) Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

Greinargerð:

Nokkur undanfarin ár hefur Fákur og reyndar nokkur önnur félög líka, boðið upp á keppni í pollaflokki. Keppni í þessum flokki hefur notið gífurlegra vinsælda og það sýnir sig að þetta treystir undirstöðu hestamenskunnar, eykur áhuga yngstu kynslóðarinnar og eykur þannig útbreiðslu hestaíþróttarinnar. Ekki er mikil sanngirni í því að láta 7 ára barn keppa eftir sömu reglum og við 13 ára barn.

Nokkuð hefur háð þessum flokki að ekki hafa verið til samræmdar reglur í þessum flokki og finnst tillöguflytjendum tímabært að koma þessum greinum á koppinn fyrir yngstu keppendurna.

- Tillagan var dregin til baka -

Ályktun um málið send æskulýðsnefnd LH

Þingskjal nr. 19

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lögð er til eftirfarandi viðbót við lög um íþróttakeppni:

Tekinn verði upp pollaflokkur fyrir börn 10 ára á árinu og yngri með skilgreindum reglum. Mótshöldurum sé frjálst að bjóða upp á pollaflokk sem viðbót.

Pollatölt

Völlur 200 eða 250 metrar

Þáttökuréttur og skráning:

Þátttökurétt hafa öll börn 10 ára á árinu og yngri.

Pollum er heimilt að keppa upp fyrir sig í barnaflokki, treysti þeir sér til. Pollaflokk má bjóða upp á Íslandsmóti barna og unglinga en ekki skulu krýndir Íslandsmeistarar, sbr. stefnu ÍSÍ.

Forkeppni

Verkefni:

2-4 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 1 hringur og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

4.Frjáls ferð á tölti

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 0 - 10 stig.

Gefin skal einkunn fyrir ásetu og stjórnun sem gildir til helminga á móti tölteinkunn.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð og margfölduð með vægi sem gefur stigafjölda. Hámarksstigafjöldi er 35 stig, meðaleinkunn margfölduð með 3,5.

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völlinn, sem má vera 200 eða 250 m. (Sjá þó 7. grein reglugerðar um Íslandsmót).

4.Frjáls töltferð, upp á báðar hendur.

Dómarar ákveða hve lengi riðið er. Þó má ekki fara fleiri en þrjá hringi á hvora hönd.

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Hæsta og lægsta einkunn er strikuð út, eins og í forkeppni, dæmi 5 dómarar. Gefin er sérstök einkunn fyrir ásetu og stjórnun.

Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dómum til eftirfarandi atriða:

e)Hreinleika gangsins.

f)Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.

g)Ásetu og taumhalds.

h)Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

Greinargerð:

Nokkur undanfarin ár hefur Fákur og reyndar nokkur önnur félög líka, boðið upp á keppni í pollaflokki. Keppni í þessum flokki hefur notið gífurlegra vinsælda og það sýnir sig að þetta treystir undirstöðu hestamenskunnar, eykur áhuga yngstu kynslóðarinnar og eykur þannig útbreiðslu hestaþróttarinnar. Ekki er mikil sanngirni í því að láta 7 ára

barn keppa eftir sömu reglum og við 13 ára barn.

Nokkuð hefur háð þessum flokki að ekki hafa verið til samræmdar reglur í þessum flokki og finnst tillöguflytjendum tímabært að koma þessum greinum á koppinn fyrir yngstu keppendurna.

- Tillagan var dregin til baka -

Ályktun um málið send æskulýðsnefnd LH

Þingskjal nr. 20

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lögð er til eftirfarandi viðbót við lög um gæðingakeppni:

Tekinn verði upp pollaflokkur fyrir börn 10 ára á árinu og yngri með skilgreindum reglum. Mótshöldurum sé frjálst að bjóða upp á pollaflokk sem viðbót.

Pollakeppni

Þátttökuréttur og skráning:

Þátttökurétt hafa öll börn 10 ára á árinu og yngri.

Pollum er heimilt að keppa upp fyrir sig í barnaflokki, treysti þeir sér til. Ekki skal keppt í pollaflokki á Landsmóti

Völlur 300 metrar

Forkeppni

Verkefni:

2-5 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 2 hringir og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

5.Tölt eða brokk, hægt til milliferð

6.Fet

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 5 - 10.

Gefin skal einkunn fyrir stjórnun og ásetu sem gildir 1/3 af heildareinkunn, þ.e. deilitala dómara er 3.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð.

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta/áttunda sæti eftir forkeppnina, koma saman á völinn, sem er 300 m

5.Tölt eða brokk

6.Fet

Dómarar ákveða hve lengi riðið er. Þó má ekki fara fleiri en þrjá hringi á hvora hönd.

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Að auki er gefin sérstök einkunn fyrir ásetu og stjórnun og deilt í samtölu með 3. Að lokum skal rétt upp röðun fyrir knapa sem byggir á einkunnagjöf dómara.

Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dómum til eftirfarandi atriða:

i)Hreinleika gangsins.

j)Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.

k)Ásetu og taumhalds, hversu virkur knapinn er.

l)Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

Greinargerð:

Nokkur undanfarin ár hefur Fákur og reyndar nokkur önnur félög líka, boðið upp á keppni í pollaflokki. Keppni í þessum flokki hefur notið gífurlegra vinsælda og það sýnir sig að þetta treystir undirstöðu hestamenskunnar, eykur áhuga yngstu kynslóðarinnar og eykur þannig útbreiðslu hestaþróttarinnar. Ekki er mikil sanngirni í því að láta 7 ára barn keppa eftir sömu reglum og við 13 ára barn.

Nokkuð hefur háð þessum flokki að ekki hafa verið til samræmdar reglur í þessum flokki og finnst tillöguflytjendum tímabært að koma þessum greinum á koppinn fyrir yngstu keppendurna.

- Tillagan var dregin til baka -

Ályktun um málið send æskulýðsnefnd LH

Þingskjal nr. 21

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafli um Íþróttakeppni almennt, 2 grein.

Ekki eru takmörk á fjölda hesta sem knapi getur skráð í öðrum flokki, opnum flokki og meistaraflokki. Komi knapi fleiri en einum hesti í úrslit, skal hann velja hvorum/hvaða hesti hann riður þar. Mótsstjórn er heimilt að takmarka þetta.

Greinargerð:

Eins og lögin eru í dag hefta þau möguleika knapa á að endurnýja hesta sína og verður keppnin fyrir bragðið einsleitari og endurnýjun ekki eins hröð vegna tilhneigingar knapa til að halda áfram með reyndu hestana en prófa ekki nýja. Þar sem knapa er einungis heimilt að ríða einum hesti í úrslitum takmarkar þetta þó ekki möguleika annarra knapa á að ríða úrslit. Þetta eykur einnig heildarþátttöku sem er gott fyrir mótshaldara. Erlendis er þetta leyft og eykur þátttöku.

- Fellur niður þar sem FIPO var samþykktur -

Þingskjal nr. 22

Flytjandi: Hestamannafélagið Gustur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að breyta 10. grein laga um íþróttakeppni. Upphaf greinarinnar hljóðar svo:

10. grein.

Mótshöldurum er heimilt að ákveða að í forkeppni séu dæmdir allt að þrír keppendur í einu. Sé þessi háttur hafður á, skal farið eftir reglum um Tölt-2 varðandi skráningar og gangtegundaröð, samkvæmt reglum um úrslitakeppni í hverri grein. Ef hinsvegar aðeins einn hestur er í dómi, skal honum riðið eins, þ.e. sömu röð gangtegunda og þar sem fleiri hestar eru inni á vellinum í einu.

Myndi verða:

Einn hestur skal vera í dómi hverju sinni og skal honum riðið samkvæmt reglum LH um íþróttakeppni.

Greinargerð:

Þegar byrjað var að keppa í íþróttakeppni fyrir margt löngu síðan var aðaláhersla á reiðmennsku. Fyrstu árin var mjög gaman að fylgjast með góðum knöpum sýna góðar gangskiptingar og vel útfærðar sýningar. Seinni árin hefur íþróttakeppni sífellt verið að færast nær gæðingakeppni og nú er svo komið að stundum finnst manni óljóst hvora keppnina er verið að horfa á. Meistaraflokkur er hér auðvitað undanskilinn. Til að aðgreina betur milli keppna og hefja reiðmennsku til vegs og virðingar er nauðsynlegt að aðeins einn keppandi sé í dómi hverju sinni. Einnig hlýtur að vera erfiðara fyrir dómara að gefa þremur hestum einkunn í einu. Ein þeirra ástæðna sem nefnd var þegar farið var

að dæma þrjá hesta samtímis var að það sparaði tíma á stórmótum. Nú hefur Íslandsmótum verið skipt upp í tvö mót og því hefur skapast aukið svigrúm.

- Fellt -

Þingskjal nr. 23

Flytjandi: Hestamannafélagið Gustur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að skora á Alþingi að lögfesta notkun viðurkenndra reiðhjálma.

Greinargerð:

Það er mikilvægt fyrir hestamenn og félagsskap þeirra að fara á undan með góðu fordæmi. Það styrkir ímynd hestamennskunnar. Það að nota þau öryggistæki sem tiltæk eru hverju sinni ætti að vera sjálfsagður hlutur. Því miður er að það svo að alvarleg höfuðslys hafa orðið í hestamennsku á umliðnum árum. Hjálmanotkun hefur sem betur fer stóraukist á síðustu árum og nú er svo komið að flestir frístundahestamenn nota alltaf hjálm. Það sama verður hins vegar ekki sagt um fagfólk í greininni sem eru fyrirmyndir barna í hestamennsku.

- Vísað frá -

Þingskjal nr. 24

Flytjandi: Hestamannafélagið Gustur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að fella niður einkunnagjöf fyrir ásetu og stjórnun í barna- og unglingaflokki í gæðingakeppni.

Greinargerð:

Einkunn fyrir ásetu og stjórnun var komið á til þess að góðir knapar með slök hross ættu betri möguleika á árangri. Nú síðari árin hefur munur á einkunn fyrir ásetu og stjórnun annars vegar og gangtegundir hins vegar verið mjög lítill. Þetta ákvæði er því barn síns tíma og ætti að hverfa.

- Tillagan var dregin tilbaka af Gusti -

Þingskjal nr. 25

Flytjandi: Hestamannafélagið Gustur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að keppnisnefnd LH taki til endurskoðunar og breytinga gangtegundir í barna- og unglingaflokki í gæðingakeppni.

Greinargerð:

Í sérstakri forkeppni í barnaflokki er riðið fet og brokk og/eða tölt. Í milliriði er riðið fet, brokk og/ eða tölt og stökk. Í úrslitum er riðið brokk og/ eða tölt og stökk. Það má því segja að um þrjár ólíkar keppnir sé að ræða. Í unglingaflokki er riðið hægt tölt auk brokks og yfirferðargangs í sérstakri forkeppni. Í milliriði er riðið tölt, brokk, yfirferð, fet og stökk og í úrslitum er riðið tölt, brokk og yfirferð. Það er því stundum beðið um hægt tölt en stundum um tölt. Hér er nauðsynlegt að yfirfara og gera breytingar.

- Tillagan var dregin tilbaka af Gusti -

Þingskjal nr. 26

Flytjandi: Hestamannafélagið Gustur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að fella niður 8. grein laga um Gæðingakeppni og fella út eina setningur úr 7. grein sömu laga, setningin er skáletruð hér að neðan. 7. og 8. greinar hljóða svo:

7. grein.

Störf dómnefndar:

Áður en keppni hefst er heimilt að kynna alla keppnishestana saman, í hverri grein, í frjálsri reið á keppnisvöllinum.

Á innanfélags- og smærri mótum hefst forkeppnin á því að hestunum er riðið í dóm, einum í einu, eftir skráningarröð. Mótstjórn er þó heimilt að leyfa 3-5 hesta í dómi í einu, samkvæmt sérstökum reglum LH um gæðingakeppni. (sjá bls. 22)

Keppnin hefst á miðri skammhlið og skal keppandi ríða stystu leið, er hann kemur inn á völinn, að byrjunar skammhlið sinni. Hann gefur síðan til kynna með greinilegri

höfuðhneigingu, er hann hefur keppni.

Sýnandi ræður á hvora höndina hann hefur keppni og má snúa við einu sinni inni á hringnum. Honum er einnig frjálst í hvaða röð hann sýnir þau atriði sem dæma skal. Þar sem um er að ræða 300m hringvöll skal ríða þrjá hringi.

Noti sýnandi 175m brautina áður en hann hefur lokið þremur hringjum, ber honum að ljúka sýningu á skammhlið.

Dómarar gefa hestunum einkunn fyrir hvert dæmt atriði með spjöldum sem stjórnandi les. Heimilt er að sýna einungis heildareinkunn hests að lokinni keppni hans. Þá skal sýna útprentað á blaði sundurliðun einkunna hvers hests og röð keppenda eftir einkunnum, strax að lokinni hverri keppnisgrein.

Á lands- og fjórðungsmótum skal sýna röð keppenda eftir einkunnum á tölvuskjá að loknum dómi hvers hests.

Tillagan var felld með megin þorra atkvæða gegn 2.

8. grein.

Sérstakar reglur:

Forkeppni á lands-, fjórðungs- og stórmótum fer þannig fram í öllum flokkum að þrír til fimm hestar eru í dómi á hringvöllinum í einu, samkvæmt sérstökum reglum LH um gæðingakeppni. Dregið skal á sérstakan hátt um röð keppenda.

Áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, ríðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara.

Að forkeppninni lokinni skal að lágmarki tvöfaldur fjöldi þeirra hesta, sem komast í úrslit í hverjum flokki, halda áfram keppni í milliriðli, samkvæmt áður nefndum reglum. Dregið skal um röð keppenda.

Úrslitakeppnin skal fara fram a.m.k. degi síðar en forkeppnin og milliriðillinn.

Greinargerð:

Nú um nokkurra ára skeið hafa þrír hestar verið inná velli í einu í sérstakri forkeppni í gæðingakeppni. Þetta hefur leitt til þess að fagmennska í reiðmennsku og dómum fær ekki að njóta sín til fulls. Á Landsmóti í Reykjavík árið 2000 var sérstakri forkeppni sleppt og er að sjá að það hafi raskað dagskránni eða lengt hana þannig að miski hafi hlotist af. Til þess að sýningar verði sem allra bestar og faglegastar er lagt til að sérstakri forkeppni sé sleppt.

- Fellt -

Þingskjal nr. 27

Flytjandi: Hestamannafélagið Gustur

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að taka aftur upp einkunnagjöf í úrslitakeppni Gæðingakeppni. Breyta þarf 11. grein í 4. kafla en hún er meðfylgjandi hér að neðan.

4. kafli 11. grein

Úrslitakeppni fer þannig fram:

Í úrslitum skulu dómamar miða störf sín við það að geta raðað hestum í sætisröð með hliðsjón af þeim einkunnakröfum sem gerðar eru í forkeppni, en með þeim frávikum sem fylgja breyttri keppnistillögun sbr. reglum um úrslitakeppni.

1. Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

2. Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokki.

3. Í lok sýningar er gefin upp röð fyrir hvern keppanda.

Greinargerð:

Nú um nokkurra ára skeið hafa þrír hestar verið inná velli í einu í sérstakri forkeppni í gæðingakeppni. Þetta hefur leitt til þess að fagmennska í reiðmennsku og dómum fær ekki að njóta sín til fulls. Á Landsmóti í Reykjavík árið 2000 var sérstakri forkeppni sleppt og er ekki að sjá að það hafi raskað dagskránni eða lengt hana þannig að miski hafi hlotist af. Til þess að sýningar verði sem allra bestar og faglegastar er lagt til að sérstakri forkeppni sé sleppt.

- Tillagan fellur niður með samþykkt þingskjals nr. 28a –

Þingskjal nr. 28a

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

4. kafli.

Um sérstaka úrslitakeppni gæðingakeppninnar.

Úrslitakeppni fer þannig fram:

4.Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

5.Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokki.

6.Í A OG B FLOKK ER GEFIN EINKUNN Á MILLI GANGTEGUNDA FYRIR HVERN KEPPANDA OG Í LOKIN FYRIR FEGURÐ Í REIÐ OG VILJA HVORT FYRIR SIG.

7.Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer Á BÁÐUM HLIÐUM, t.d. á stígvélum.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 29a

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

5. kafli

Reglugerð LH

um barna-, unglinga- og ungmennakeppni.

14. grein

Keppendur:

Keppnin fer fram í þremur aldursflokkum, flokki barna, unglinga og ungmenna. Aldur keppenda miðast við almanaksárið, þannig að í barnaflokki eru þeir sem verða 13 ára á keppnisárinu, í unglingaflokki sem verða 17 ára á keppnisárinu og í ungmennaflokki sem verða 21 árs á keppnisárinu.

Í BARNA OG UNGLINGA flokkum er það ekki hesturinn, heldur knapinn (keppandinn), sem vinnur til verðlauna. Honum er skylt að bera reiðhjál, tryggilega festum með hókubandi. Missi hann hjálminn af höfði sér í keppni, fær hann hvorki dóm né sæti í úrslitakeppni.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 30a

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd
Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

Unglingaflokkur:

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, HÆGT tölt, brokk, stökk og yfirferðargangur, þ.e. ANNAÐ HVORT tölt eða brokk á langhliðum.

Einkunn fyrir stjórnun og ásetu hafi einfalt vægi á við eina gangtegund í heildareinkunn í stað 50% eins og nú er.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 30b

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd
Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

Ungmennaflokkur:

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, HÆGT tölt, brokk, stökk og greitt tölt á langhliðum. Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 30c

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd
Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með

HÁSTÖFUM.

Úrslitakeppni fer þannig fram:

- 1.Hestunum er riðið samtímis, en með ákveðnu millibili, í dóm.
- 2.Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur.
- 3.Í UNGMENNAFLOKK ER GEFIN EINKUNN EFTIR HVERJA GANGTEGUND FYRIR HVERN KEPPANDA OG Í LOKIN FYRIR FEGURÐ Í REIÐ OG VILJA HVORT FYRIR SIG.
- 4.Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer, t.d. á stígvélum Á BÁÐUM HLIÐUM.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 30d

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni:

Í barna- og unglingaflokki er gefin einkunn eftir hverja gangtegund og hún sýnd. Dæma skal einnig stjórnun og ásetu hvernar gangtegundar. Í lokin er gefin ein heildareinkunn fyrir stjórnun og ásetu. Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer, t.d. á stígvélum Á BÁÐUM HLIÐUM.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 31a

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá keppnisnefnd

6. kafli

Sérstakar reglur LH um gæðingakeppni

á lands- og fjórðungsmótum:

18. grein.

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

Úrslitakeppni – unglingaflokkur:

Hægt tölt, brokk, yfirferð á langhliðum ANNAD HVORT tölt eða brokk. Minnst tvo hringi til hvorrar handar.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 32

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer, t.d. á stígvélum Á BÁÐUM HLIÐUM.

- Tillagan fellur niður með samþykkt þingskjals nr. 28a –

Þingskjal nr. 33

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á íþróttakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

ÍÞRÓTTAKEPPNI, ALMENNT

1. grein.

Keppendum í hestaíþróttum er skipt í eftirfarandi aldursflokka og miðast aldur við almanaksárið, þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst. Keppnisgreinar hvers aldursflokks eru sem hér segir:

Börn (13 ára á keppnisárinu og yngri): Tölt, fjórgangur, fimi A og hindrunarstökk.

Unglingar (17 ára á keppnisárinu): Tölt, fjórgangur, fimmgangur, fimi A og hindrunarstökk.

Ungmenni (21 árs á keppnisárinu): Tölt, fjórgangur, fimmgangur, gæðingaskeið, fimi A2 og hindrunarstökk.

Opinn flokkur: Tölt, tölt-2, fjórgangur, fimmgangur, gæðingaskeið eða annaðhvort 150 m. eða 250 m. skeið, fimi og hindrunarstökk.

BLS-30

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 34

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á Íþróttakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

F J Ó R G A N G U R

Völlur 200 eða 250 metrar

BÖRN 13 ÁRA OG YNGRI

Forkeppni

Verkefni:

Keppnin byrjar við miðja skammhlið. Frjálst hvort riðið er á hægri eða vinstri hönd. Röð gangtegunda er frjáls. (Sjá 10. gr. um Íþróttakeppni). Sýna skal:

1. Fetgang, hálfa umferð að miðju skammhliðar.
2. Brokk, eina umferð.
3. Hægt tölt, eina umferð.
4. Stökk, eina umferð.

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 0 - 10 stig. Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð og margfölduð með vægi sem gefur stigafjölda. (Sjá reglugerð um stigaútreikning).

Úrslit

Verkefni:

Þeir knapar, sem eru í fyrsta til fimmta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völlinn, sem má vera 200 eða 250 m. (Sjá 7. grein reglugerðar um Íslandsmót og 12. grein reglugerðar um Íþróttakeppni).

Hestunum er riðið samkvæmt skipun í gangtegundum. Um röð gangtegunda og á hvora hönd riðið er, er vísað til 12. greinar reglugerðar um Íþróttakeppni.

Dómarar ákveða hve lengi riðið er á hverri gangtegund. Þó má ekki fara fleiri en þrjár umferðir á hverri þeirra.

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Við einkunna-gjöf í úrslitakeppni í fjórgangi er strikuð út hæsta og lægsta einkunn, eins og í forkeppni.

BLS-45

- Þingskjalið dregið til baka -

Þingskjal nr. 35

Flytjandi: Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á gæðingakeppni, UNDIRSTRIKAÐAR með HÁSTÖFUM.

T Ö L T K E P P N I

Völlur 200 eða 250 metrar.

BÖRN 13 ÁRA OG YNGRI

Forkeppni

Verkefni:

Keppnin byrjar við miðja skammhlið. Frjálst hvort riðið er á hægri eða vinstri hönd. (Sjá reglugerð um töltkeppni-2). Sýna skal:

1. Hægt tölt, ein umferð. Við miðja skammhlið fetgangur, snúið við.
2. Riðið af stað á hægu tölti. Milliferð á langhlið. Hægt tölt á skammhlið. Milliferð á langhlið. Hægt tölt á skammhlið að miðju.
3. Frá miðju skammhliðar, ein umferð á hröðu tölti.

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 0 - 10 stig. Í töltkeppni hefur hægt tölt tvöfalt vægi á

móti einföldu vægi í hraðabreytingum og hröðu tölti.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð og margfölduð með vægi sem gefur stigafjölda. (Sjá reglugerð um stigaútreikning).

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völlinn, sem má vera 200 eða 250 m. (Sjá þó 7. grein reglugerðar um Íslandsmót).

1. Hægt tölt allt að tveir hringir á hvora hönd.

2. Milliferð á langhliðum og hægt tölt á skammhliðum allt að tveir hringir á hvora hönd.

3. Hratt tölt allt að tveir hringir á hvora hönd.

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Hæsta og lægsta einkunn er strikuð út, eins og í forkeppni, dæmi 5 dómarar.

BLS-50

- Þingskjalið dregið til baka -

Þingskjal nr. 36a

Flytjandi: Mannvirkjanefnd LH

Lagt fyrir: Staðlanefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá staðlanefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi breytingar á 9. grein gæðingakeppni LH fyrir næsta Landsþing LH

Núverandi grein

GÆÐINGAKEPPNI

Um keppnishesta, sýnendur og búnað.

9. grein

Vallarstærð:

Æskilegt er að gæðingakeppni fari fram á 300 m hringvelli en jafnframt er heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut. Slíkir vellir séu með beinum brautum út úr hringnum svo hægt sé að sýna t.d. skeið á a.m.k. 175 m beinni braut. Hringvöllinn skal eigi afmarka meira en nauðsyn krefur. Óheimilt er að nota langhlið sem ferjuleið.

Á landsmóti skal keppt á 300 m þ-laga hringvelli, sem ekki er afmarkaður meira en nauðsyn krefur.

Ný grein

GÆÐINGAKEPPNI

Um keppnishesta, sýnendur og búnað

9. grein.

Vallarstærð:

Gæðingakeppni skal fara fram á 300 m hringvelli og beinni skeiðbraut a.m.k. 175 m langri. Þó er heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut.

Leyfilegir vellir eru:

Þ-laga vellir, með samliggjandi beinni braut

A-laga vellir, með samliggjandi beinni braut

Sérafmarkaðir hringvellir með aðliggjandi beinni braut.

Vellina skal afmarka með girðingum eins og þurfa þykir.

Á landsmóti skal keppt á 300 m hringvelli.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 37a

Flytjandi: Hestamannafélagið Hörður

Lagt fyrir: Laganefnd

Lagt fyrir þingið með breytingum frá laganefnd

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

8. gr

Formannafundur

8.1 Stjórn LH skal boða til formannafundar í október, árið milli landsþinga.

Formannafundur skal boða með minnst mánaðar fyrirvara. Dagskrá skal kynnt eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund.

8.2 Formannafundur er ráðgefnadi fyrir stjórn LH. Seturétt eiga eftirtaldir:

Stjórn og varastjórn LH

Formenn allra aðildarfélaga LH

Formenn starfsnefnda LH

Formenn Gæðingadómarafélagsins og Íþróttadómarafélagsins.

8.3 Skylt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna aðildarfélaganna óskar þess skriflega.

8.4 Formannafundir fjallar meðal annars um:

- a) Málefni LH milli landsþinga.
- b) Reikninga síðastliðins rekstrarárs.
- c) 8 mánaða uppgjör reikninga ársins.
- d) Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs.
- e) Skýrslur stjórnar og starfsnefnda.

8.5 Á formannafundum má ekki gera breytingar á lögum LH né kjósa stjórn.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 38

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Fjárhagsnefnd þingsins

Fjárhagsáætlun árið 2005

Tekjur :

1. Árgjöld félaga, 5.600 x 1.500,- kr.....
kr.

8.400.000

2. Lottó tekjur
kr.

4.500.000

3. Útbreiðslustyrkur
kr.

2.700.000

4. Styrkir vegna Heimsmeistaramóts.....
kr.

9.500.000

6. Tekjur vegna Skógarhóla.....
kr.

535.000

7. Styrkir vegna erlendra samskipta.....
kr.

1.000.000

8. Aðrar tekjur.....
kr.
3.000.000

Samtals :
kr.
29.635.000

Gjöld :
9. Kostnaður vegna Heimsmeistaramóts.....
kr.
9.500.000

10. Laun og launatengd gjöld.....
kr.
8.700.000

11. Annar kostnaður vegna skrifstofu.....
kr.
3.460.000

12. Kostnaður vegna Skógarhóla.....
kr.
100.000

13. Kostnaður vegna þings og stjórnarfunda....
kr.
300.000

14. Erlend samskipti.....
kr.
1.500.000

15. Æskulýðsstarf.....
kr.
1.000.000

19. Reiðvegamála ..(skráning reiðleiða).....
kr.
2.500.000

17. Vaxtagjöld.....
kr.
100.000

16. Annar kostnaður.....
kr. 500.000

Samtals :
kr. 27.660.000

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 39
Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Fjárhagsnefnd þingsins

Fjárhagsáætlun árið 2006

Tekjur :
1. Árgjöld félaga, 5.600 x 1.500,- kr.....
kr. 8.400.000

2. Lottó tekjur
kr. 4.500.000

3. Útbreiðslustyrkur
kr. 3.000.000

4. Styrkir vegna Norðurlandamóts.....
kr. 2.000.000

6. Tekjur vegna Skógarhóla.....
kr. 500.000

7. Styrkir vegna erlendra samskipta.....
kr. 1.000.000

8. Aðrar tekjur.....
kr. 3.000.000

Samtals :

kr.

22.400.000

Gjöld :

9. Kostnaður vegna Norðurlandamóts.....

kr.

2.000.000

10. Laun og launatengd gjöld.....

kr.

9.000.000

11. Annar kostnaður vegna skrifstofu.....

kr.

3.460.000

12. Kostnaður vegna Skógarhóla.....

kr.

250.000

13. Kostnaður vegna þings og stjórnarfunda....

kr.

1.000.000

14. Erlend samskipti.....

kr.

1.500.000

15. Æskulýðsstarf.....

kr.

1.000.000

19. Reiðvegamál (skráning reiðleiða)

kr.

2.500.000

17. Vaxtagjöld.....

kr.

100.000

16. Annar kostnaður.....

kr.

500.000

Samtals :

kr.

21.310.000

- Samþykkt –

Þingskjal nr. 40

Flytjandi: Allsherjarnefnd þingsins

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að skipa nefnd sem fái það hlutverk að marka stefnu um framtíðarstaðarval fyrir Landsmót hestamanna.

Nefndin skili niðurstöðu sinni og tillögu fyrir 55. landsþing LH árið 2006.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 41

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Ályktun:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að fela stjórn LH að skora á fjárveitingarvald og ríkisstjórn að auka fjárframlög til reiðvegagerðar og til viðhalds reiðvega verulega frá því sem nú er.

Greinargerð:

Árlega eru veittar 40 milljónir króna af vegaáætlun til reiðvegagerðar, það er fjórðungur þeirrar upphæðar sem hestamannafélögin sækja árlega um til LH, og dugir því engan veginn til þeirra verkefna sem fyrir liggja.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni þá skilaði hestatengd ferðaþjónusta þjóðarþúinu 7.500 milljón króna tekjum árið 2001. Það ár sóttu 270 þúsund erlendir ferðamenn Ísland heim, um 20 % þeirra fóru í hestaferðir, lengri eða skemmri.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði þá er árleg aukning erlendra ferða manna 9%. Með sömu áframhaldandi þróun verða 585 þúsund erlendir ferðamenn á Íslandi árið 2010, a.m.k. 120 þúsund þeirra fara í hestaferðir eða sækja sér afþreyingu í íslenska hestinn. Það ár mun hestatengd ferðaþjónusta skila þjóðarþúinu 16.500 milljónum króna í tekjur miðað við núverandi verðlag og óbreytt gengi gjaldmiðla.

Áætlanir flugfélaganna gera þó ráð fyrir mun meiri fjölgun erlendra ferðamanna Íslands, en spár Ferðamálaráðs segja til um.

Ljóst er að mikil tækifæri eru til sóknar fyrir hestamennsku og hestatengda ferðaþjónustu á komandi árum. Til að svo megi verða er brýn nauðsyn til að auka

fjárframlög til reiðvegaframkvæmda verulega frá því sem nú er, því mikilla úrbóta er þörf um land allt.

Að öðrum kosti er hætt á að komið geti til takmarkanna á hestaferðum á ákveðnum svæðum.

Benda má á að núverandi stjórnarflokkar hafa tekið undir og eru hlynntir framkvæmdaáætlun um áframhaldandi uppbyggingu reiðvega til eflingar hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 42

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Ályktun:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að fela stjórn LH að skora á Vegagerð ríkisins að standa við samkomulag hennar við LH frá 1982 um lagningu reiðvega.

Greinargerð:

Vegagerðin hefur aðeins að litlum hluta staðið við þetta samkomulag, þrátt fyrir yfirlýsingar um góðan vilja og þrátt fyrir viðurkenningu Fjármálaráðuneytisins á þessu samkomulagi. Samkvæmt samkomulagi Vegagerðarinnar og LH frá 1982 er meðal annars gert ráð fyrir að þegar nýir vegir eru lagðir sé gerð reiðleiða meðfram veginum eða á öðrum stað frá veginum kostuð af nýbyggingarfé vegarins samkvæmt samgönguáætlun.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 43

Flytjandi: Mannvirkjanefnd þingsins

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 beinir því til stjórnar LH að halda áfram og flýta því starfi sem í gangi er við útgáfu á mannvirkjahandbók varðandi hrossahald.

Mikilsvert er að við undirbúning slíkrar handbókar séu skoðuð sem flest hesthús og hestamannvikri og rætt við aðila til að forðast mistök. Einnig er mikilvægt að tillit sé tekið til séreiginleika íslenska hestsins og að forðast að innleiða erlendar reglugerðir sem eru í andstöðu við þá.

Greinargerð:

Í hestamennsku og starfsemi henni tengdri eru miklar fjárfestingar í formi hesthúsa,

reiðhalla og fleiri mannvirkja. Ætla má að fjárfest sé fyrir hundruð milljóna árlega. Það eru mörg tilvik og mistök þar sem fólk er að reka sig á sömu hlutina og hægt er að losna við ef mannvirkjahandbók væri til staðar. Miklu skiptir að mannvirki séu hagkvæm í byggingu og rýmisnýtingu. Einnig að tillit sé tekið til velferðar hrossanna. Verið er að innleiða í nágrannalöndum og EB ýmsar reglugerðir sem ekki samrýmast eðli íslenska hestsins, s.s. að ekki megi hafa nema eitt hross í stíu og fleira því líkt. Félagslyndið er einn höfuðkostur íslenska hestsins sem ekki má vinna geng og því ástæða til að vera á verði í því tilliti.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 44

Flytjandi: Fjárhagsnefnd þingsins

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 leggur til við stjórn LH að kannað verði með hvaða hætti mætti gera þeim þingfulltrúum sem áhuga hafa, fært að kynna sér fyrir þing ársreikninga eða önnur þau gögn sem dreift er á landsþingum.

Ein leið væri að slík gögn yrðu sett upp á lokað svæði á heimasíðu samtakanna og þingfulltrúum send lykilorð að svæðinu.

Greinargerð:

Aðgangur þingfulltrúa að fundargögnum með góðum fyrirvara er mikilvæg forsenda fyrir opnum og málefnalegum umræðum. Slíkt er allra hagur til eflingar samtaka eins og okkar.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 45

Flytjandi: Fjárhagsnefnd þingsins

Tillaga:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 leggur áherslu á að reikningsskil samtakanna verði sett fram með sem skýrustum hætti. Jafnframt verði fjárhagsáætlanir settar fram á sambærilegan hátt og ársreikningurinn.

Greinargerð:

Á landsþingum félagasamtaka sem fást við annað en bein fjárhagsmálefni er sérstaklega mikilvægt að reikningsskil séu aðgengileg öðrum en sérfræðingum í bókhaldsmálum. Því

tilgangur ársreikningsins er, auk þess að halda utan um fjárhag samtakanna, sá að gefa skýra mynd af starfseminni lið fyrir lið hvað allt umfang varðar.

- Samþykkt –

Þingskjal nr. 46a

Flytjandi: Skipulagsnefnd þingsins

Ályktun:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 fagnar framkominni skýrslu um skipulagsmál Landssambandsins og þakkar nefndarmönnum fyrir gott og metnaðarfullt starf. Þingið beinir því til stjórnar að vinna áfram að skipulagsmálum hestamanna með lög LH að leiðarljósi, þannig að starfsemi LH eflist og forysta samtakanna sé tryggð innan hestamenskunnar í landinu. Jafnframt hvetur þingið alla hagsmunaaðila til að vinna saman að framgangi hestamenskunnar í víðasta skilningi.

Greinargerð:

Í 2. grein laga LH um markmið og tilgang samtakanna kemur fram að LH skuli sinna félagsmönnum sínum á öllum sviðum hestamenskunnar og að eiga gott samstarf við önnur félagasamtök og einstaklinga sem sinna málefnum hestamanna og íslenska hestsins.

- Samþykkt -